

**Starfsáætlun 2024**  
Samband íslenskra  
sveitarfélaga





## Heiða Björg Hilmisdóttir

formaður stjórnar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

# Ávarp formanns

Árið 2023 var ár breytinga hjá sambandinu. Karl Björnsson sem hafði starfað hjá sambandinu frá árinu 2002, og sem framkvæmdastjóri frá árinu 2008, lét af störfum fyrir aldurs sakir. Verður Karli seint þakkað fyrir hans góða framlag til starfsemi sambandsins og hagsmunabaráttu fyrir sveitarfélög landsins. Þá lét Sigurður Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, einnig af störfum vegna aldurs og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs, hélt til annarra starfa. Er þeim sömuleiðis þakkað fyrir alla þeirra góðu vinnu og framlag undanfarin ár fyrir sveitarfélög landsins. Óskum við þeim velfarnaðar í hverju sem þau taka sér fyrir hendur á komandi árum.

Arnar Þór Sævarsson tók við sem framkvæmdastjóri sambandsins 1. maí. Hann hefur mikla reynslu af stjórnáslu og sveitarstjórnarmálum en hann starfaði sem bæjarstjóri Blönduósbæjar frá árunum 2007-2018. Þá var hann aðstoðarmaður mennta- og barnamálaráðherra frá árinu 2021 og aðstoðarmaður félags- og barnamálaráðherra á árunum 2018-2021.

Stjórn hefur verið samtaka í að vinna að framgangi stefnumörkunar sambandsins er varðar starfshætti sambandsins. Á vordögum hófst vinna við nýtt skipurit sambandsins, sem tók gildi 1. desember. Í nýju skipulagi er skerpt á hlutverki sambandsins og horft til þess að gera það í betur stakk búið til að takast á við þau verkefni og áskoranir sem sambandið sinnir frá degi til dags. Markmiðið með breytingunum er að auka skilvirkni og bæta skipulag, þjónustu, samráð, samskipti og upplýsingaflæði, bæði inn og út á við, og auka sýnileika sambandsins gagnvart haghöfum og öðrum landsmönnum. Einnig að skapa skilyrði fyrir aukinni starfsánægju starfsfólks og góðri nýtingu mannaúts og fjármagns. Aukin áhersla er lögð á teymisvinnu og sviðum fækkar úr fimm í þrjú. Ný svið eru stjórnsýslusvið, þróunarsvið og þjónustusvið. Samhliða þessum breytingum hafa nýir stjórnendur tekið til starfa og bjóðum við þau velkomin.

Í ársskýrslu sambandsins kemur vel fram hversu öflug og kraftmikil starfsemi sambandsins er og með nýju skipuriti ætlum við að gera enn betur, og halda áfram að vinna að öflugri hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu. Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar landsmanna.



# Samskipti

Unnið verður að heildarendurskoðun á bæði ytri og innri samskiptum sambandsins, Farið verður í vinnu við að skoða heildarútlit sambandsins þar sem allt kynningar og markaðsefni er undir (lógó, glærुकynningar, myndskreytingar, letur, borðar, skilti, vefur og svo framvegis). Einnig verða unnar verða samskipta- og krísuáætlanir ásamt ramma utan um samfélagsmiðla.

## Tilgangur og markmið

Tilgangurinn er að auka skilvirkni í samskiptum og gera okkur betur í stakk búin til að hafa frumkvæði að því að miðla upplýsingum, gera sambandið sýnilegra í umræðunni og ná betur til helstu hagaðila. Með því að gera úttekt á samskiptum sambandsins og vinna viðeigandi áætlanir í framhaldinu tryggjum við að skilaboðin okkar séu samræmd á öllum rásum, og að þau samræmist markmiðum og áætlunum sambandsins.

Markmiðið er að styrkja tengsl við hagaðila, styrkja ímynd og orðspor sambandsins og auka traust og trúverðugleika hjá helstu hópum, sem styður við og hjálpar okkur í helstu verkefnum.

## Verkefnislýsing

Samskiptastjóri mun leiða verkefnið. Auglýsingastofan Tvist mun vinna endurmörkunina með okkur og vefstofan Norda vinnur nýjan vef. Gert er ráð fyrir að nýtt útlit verði klárt um miðjan apríl og er stefnt að því að nýr vefur fari í loftið seinni hluta september eða byrjun október. Samskiptaáætlun, krísuáætlun og samfélagsmiðlastefna verður unnið í nánu samstarfi við aðra stjórnendur og er gert ráð fyrir að þær áætlanir verði klárar fyrir lok júní.





### Afurðir / Helstu áfangar

1. Nýtt útlit
2. Nýr vefur
3. Samskiptaáætlun
4. Krisuáætlun
5. Samfélagsmiðlastefna

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026;

- Markmið 2.8: Sambandið haldi úti virkri upplýsingamiðlun til almennings og taki þátt í opinberri umræðu um málefni sem tengjast verkefnum sveitarfélaga.



# Velsældin

Unnið verður að heildarstefnumótun á sviði velsældar sveitarfélaga. Skilgreindir verða mælikvarðar sem geta náð utan um það hvað einkennir gott samfélag með heimsmarkmið SP að leiðarljósi. Við munum skilgreina hvað það er sem sveitarfélögin þurfa að koma með að borðinu, hvaða virði er í þessu fyrir sveitarfélögin og hvaða áhrif verkefnið getur haft fyrir sveitarfélögin.

## Tilgangur og markmið

Að sambandið geti aðstoðað sveitarfélög við að meta hvernig velsældarmælikvarðar standa hjá þeim og sambandið sé með verkfæri sem hjálpi þeim að taka fyrstu skrefin.

Tilgangur verkefnisins er að aðstoða sveitarfélög að átta sig á hvaða málefni skipta máli þegar kemur að velsæld sveitarfélaga og hvernig mikilvægi þeirra eru metin út frá starfsemi sveitarfélagsins. Velsæld vísar til þess að nota ekki eingöngu efnahagslega mælikvarða líkt og verga landsframleiðslu til að meta lífsgæði og velferð íbúa. Til þess að tryggja velsæld sveitarfélaga þarf að skoða aðra þætti og skilgreina hvað það er sem skiptir íbúa, atvinnurekendur og sveitafélagið máli þegar kemur að því að byggja upp velsældarsamfélag.

## Verkefnislýsing

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og mótun á mælikvörðum á velsæld sveitarfélaga. Önnur lík verkefni verða skoðuð, ásamt vinnu samtaka sveitarfélaga á norðurlöndum. Skilgreind verða verkfæri sem gagnast sveitarfélögum og tímalína verkefnisins mótuð.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Kortlagning á því hvað ríki og stofnanir eru að gera í þessu sambandi t.d.
  - a. Sjálfbært Ísland (Forsætisráðuneyti)
  - b. Heilsueflandi samfélög (Landlæknisembættið)
  - c. Farsældarmælaborð (MRN)
2. Hvaða upplýsingar/mælikvarðar eru til?
3. Hvað eru sveitarfélögin að gera?
4. Ná samtali við stofnanir sem eru að vinna að sambærilegum mælikvörðum.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026;

- **Markmið 1.1.** Öflugt sveitarstjórnarstig er ein meginstoð velferðar íbúanna.
- **Markmið 1.12** Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun verði leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi.





# Almannavarnir

Unnið verður að verkefnum á grundvelli viljayfirlýsingar sambandsins og dómsmálaráðherra um aukið samstarf á sviði almannavarna.

## Tilgangur og markmið

Undanfarin ár hefur reynt verulega á alla innviði almannavarna. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í almannavarnarmálum. Almannavarnarnefndir sveitarfélaga móta stefnu og skipuleggja starf sitt að almannavörnum í héraði og bera meðal annars ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana. Auk þess sinna sveitarfélögin nærþjónustu við íbúa og því reynir verulega á innviði sveitarfélaga þegar alvarlega almannavarnaratvik kom upp. Samvinna ríkis og sveitarfélaga er lykilatriði í því að almannavarnarkerfið virki sem skyldi og því hafa sambandið og dómsmálaráðherra skrifað undir viljayfirlýsingu um aukið samstarf á sviði almannavarna.

## Verkefnislýsing

X mun leiða verkefnið sem fellst í því að fylgja eftir áherslum í viljayfirlýsingu sambandsins og dómsmálaráðherra.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Breytingar á almannavarnalögum til að skýra ábyrgð ríkis og sveitarfélaga að almannavörnum.
2. Fræðsla til sveitarfélaga um hlutverk þeirra að almannavörnum.
3. Uppfærðar leiðbeiningar og gátlistar fyrir sveitarfélög sem tengjast almannavörnum.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur tengingu við markmið 8.21 — 8.25 í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026.







# Fræðsla til sveitarfélaga

Lögð verður áhersla á að efla fræðslubátt sambandsins bæði til kjörinna fulltrúa sem og starfsfólks sveitarfélaga. Farið verður í vinnu við að fjölga námsleiðum í Sveitarfélagaskólanum sem er fræðsluvettvangur með stafrænum námskeiðum fyrir kjörna fulltrúa, nefndafólk og stjórnendur sveitarfélaga. Jafnframt verður horft til þess að nýta fleiri leiðir til að miðla fræðslu og upplýsingum til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga.

## Tilgangur og markmið

Markmiðið er að efla og styrkja kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga með aukinni upplýsingagjöf og fræðslu sem er sérsniðin að þessum hópum. Tilgangurinn er að veita betri upplýsingar og frekari fræðslu til kjörinna fulltrúa og starfsfólks sveitarfélaga til að auðvelda þessum hópum að sinna starfi sínu. Aukin upplýsingamiðlum og öflug fræðsla skilar sér í betri ákvarðanatöku og aukinni fagmennsku í stjórnsýslu sveitarfélaga.

## Verkefnislýsing

Sviðsstjóri þjónustusviðs mun leiða verkefnið. Samskiptastjóri og aðrir sérfræðingar koma að því eftir þörfum ásamt Opna Háskólanum sem hefur séð um alla framleiðslu á námsefni Sveitarfélagaskólans. Gert er ráð fyrir að efla Sveitarfélagaskólann enn frekar, horft verður til þess að nýta fleiri miðla í fræðslu og upplýsingamiðlum og má þar nefna hlaðvarp, útgáfu Sveitarstjórnarmála, myndbönd, samfélagsmiðla, ráðstefnuhald o.fl.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Gera Sveitarfélagaskólann gjaldfrjálsan
  2. Bæta við námsleiðum í Sveitarfélagaskólann
  3. Gefa út Sveitarstjórnarmál haustið 2024
  4. Hefja framleiðslu á hlaðvarpsþáttum um málefni sveitarfélaga
- Framleiða myndbönd sem hægt er að nýta á samfélagsmiðlum

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026;

- Markmið 2.6: Að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál og miðla þekkingu og upplýsingum til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti. Samhliða því verði greiningarvinna sambandsins aukin og þróað mælaborð með fjölþættum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga.



# Gagnaöflun og greiningar

Unnið verður áfram í að efla gagnalón sambandsins og leggja áherslu á markvissa gagnaöflun á bæði fjárhagslegum og ófjárhagslegum upplýsingum til að nýta í heildstæðum greiningum þar sem lögð verður áhersla á framsetningu og sýnileika upplýsinga á heimasíðu sambandsins.

## Tilgangur og markmið

Með öflugri og markvissri gagnaöflun og greiningum er lagður grunnur að betri og skilvirkari upplýsingagjöf útá við, betri yfirsýn fyrir fjármál og rekstur sveitarfélaga, styrkja ákvörðunartöku í málefnum sem snerta sveitarfélögin, út frá fjárhagslegum grunni. Að auk þess að byggja styrkari grunn fyrir vinnu sérfræðinga sambandsins við gerð kostnaðarmats í málefnum sveitarfélaga.


Markmiðið er að byggja upp mælaborð varðandi mikilvæga lykilmætti í rekstri sveitarfélaga sem geta aðstoðað sveitarfélög við að bæta rekstur, fjárhag og eflt starfsemi sína, auk þess að styrkja þekkingargrunn sérfræðinga sambandsins í ákvörðunartöku í málefnum sveitarfélaga.

## Verkefnislýsing

Búið er að leggja grunn að gagnalóni, þar sem gögn, upplýsingar og tölulegar stærðir er sótt með stafrænum hætti, bæði til samstarfsstofnana, líkt og Hagstofu, HMS o.fl. auk beint til sveitarfélaga í gegnum bókhaldskerfi þeirra. Notuð verða töl á borð við Power BI, Pyton og Excel til að framkvæma greiningar á tölulegum upplýsingum, út frá skilgreindum lykilstærðum. Stillt verði upp mælaborði til að setja á heimasíðu sambandsins með fjárhagslegum stærðum og skilgreindum lykilstærðum.

Með slíkri yfirgripsmikill gagnaöflun og greiningum á tölulegum upplýsingum er hægt byggja upp styrkari grunn að kostnaðamati á málefnum sveitarfélaga.

Þá hefur tekist að nálgast launaupplýsingar frá yfir 20 sveitarfélögum til að nýta við undirbúning kjarasamninga og nýta við greiningar á kostnaðamati í kjarasamningsviðræðum.





### Afurdír / Helstu áfangar


1. Mælaborð með helstum fjárhagstærðum og lykilþáttum
2. Líkan fyrir fjárhagslegar greiningar
3. Gagnagrunnur fyrir fjárhagslega og ófjárhagslegar upplýsingar
4. Fjárhagslegur gagnagrunnur fyrir sértæk kostnaðarmöt

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Styðja við stefnu sambandsins um að halda úti virkri upplýsingmiðlun til almennings og taka þátt í opinberri umræðu um málefni sem tengjast verkefnum sveitarfélaga (2.8)

Styðja við stefnu sambandsins í vinnu við samhæfingu fjármála og stefnu ríkis og sveitarfélaga, til að bæta vinnubrögð og samráð um opinber fjármál. (3.1)

Styðja við markmið um að fyrirkomulag kostnaðarmats verði endurskoðað og styrkt. Þar sem áhersla verði lögð á að allar tillögur ríkisins að stefnumarkandi ákvarðanir, s.s. lagafrumvörp og reglugerðir sem kunna að hafa fjárhagslega áhrif á sveitarfélög séu vandlega kostnaðarmetnar og tilgreint hvernig útgjöld verði fjármögnuð. (3.2)







# Stafræn umbreyting hins opinbera

Unnið verið að heildstæðri stefnu um stafræna umbreytingu hins opinbera og skilgreina samstarfið milli sveitarfélaga og við ríki til að ná fram sameiginlegum markmiðum. Farið verið í vinnu við að skoða fýsileika á því að stofna „Stafræna verkefnastofu“ sem verður sameign allra sveitarfélaga í landinu auk ríkis, sem mun leiða stafræna þróun hins opinbera, sjá um innkaup, innleiðingar og tryggja öryggi gagna.

## Tilgangur og markmið

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri stefnu í stafrænum málum hins opinbera þannig að ríki og sveitarfélög séu að ganga í takt í þessum mikilvæga málaflokki sem stafræn mál eru. Þannig verði hægt að tryggja samfellda tæknilega uppbyggingu hins opinbera, samþætta stafræna vegferð og ná þannig fram hagkvæmari rekstri hins opinbera. Tilgangur „stafrænnar verkefnastofu“ væri að leiða tæknilega uppbyggingu hins opinbera og takast á við þær áskoranir og tækifæri sem felast í stafrænum lausnum í rekstri.

## Verkefnislýsing

Móta heildstæða stefnu um stafræna umbreytingu hins opinbera, ásamt því að skilgreina samstarfið milli sveitarfélaga og við ríkið til að hægt sé að ná fram þeim markmiðum. Stilla þarf upp aðgerðar og kostnaðaráætlun til að tryggja hagkvæma uppbyggingu og skilvirkan rekstur. Samnýta stafræna innviði hins opinbera og þróa stafrænar lausnir út frá daglegum þörfum íbúa og fyrirtækja landsins til að sækja sér heilstæða þjónustu óháð því hvort ríkið eða sveitarfélag beri ábyrgð. Vefur Ísland.is verður notaður sem almenn þjónustugátt gagnvart íbúum landsins.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Heilstæð stefna um stafræna umbreytingu
2. Aðgerða- og kostnaðaráætlun
3. Tillaga að fjármögnunarstrúktúr
4. Samkomulag milli sveitarfélaga og ríkis um stafræna verkefnastofu
5. Samþykktir og stofnsamningur fyrir stafræna verkefnastofu
6. Fjármagn tryggt á fjárlögum og á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga
7. Stofnun stafrænnar verkefnastofu með lagasetningu á Alþingi.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Tenging við markmið 9.1, 9.2, 9.4, 9.5, 9.6, 9.7 og 9.9 í stefnumörkun Landsþings 2022 — 2026.



# Þjónusta við sveitarfélögin

Unnið verður að því að skilgreina og efla þjónustu sambandsins við sveitarfélögin með því að nýta nýjustu tækni.

## Tilgangur og markmið

Markmiðið er bæta og efla þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta mannauð sambandsins sem best ásamt því að innleiða þjónustugátt þar sem notast verður við nýjustu tækni og gervigreind.

Tilgangurinn er m.a. að innleiða nýja tækni og nýta þannig mannauð sambandsins sem best. Horft verður til þess að einfalda þjónustu, skilgreina hverjir eru okkar viðskiptavinir og innleiða nýjustu tækni. Með því móti má minnka álag á starfsfólk og um leið nýta tíma þeirra betur. Jafnframt er tilgangurinn að sambandið sé framarlega þegar kemur að tækninýjungum.

## Verkefnislýsing

Sviðsstjóri þjónustusviðs mun leiða verkefnið. Viðskiptavinir og þjónusta sambandsins verði skilgreind í samvinnu við aðra stjórnendur og í framhaldi verður innleidd þjónustugátt. Í þjónustugáttinni verði notast við Björgu sem er gervigreindar hugbúnaður sem sambandið hefur þróað í samvinnu við DataLab undanfarna mánuði.





### Afurðir / Helstu áfangar

1. Skilgreining á þjónustu og þjónustuþegum
2. Innleiðing á þjónustugátt
3. Halda áfram að þróa Björgu og innleiða inn í þjónustugátt

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026;

- Markmið 2.4: Að þjóna sveitarfélögum, landshlutasamtökum og öðrum samtökum þeirra á sviði lögbundinna verkefna og öðrum þeim sviðum sem sveitarfélög og samtök þeirra kalla eftir í takt við þróun og breytingar á sveitarstjórnarstiginu.





# Loftslagsmál

## Tilgangur og markmið

Að auka þekkingu og færni sveitarstjórnastigsins til að mæta helstu áskorunum og nýta stjórnæki sem stuðlað geta að loftslagsvænum samfélögum, með áherslu á samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum.



## Verkefnislýsing

Umhverfisteymi mun starfa að eftirfarandi verkefnum í viðú samstarfi við helstu hagsmunaaðila m.a. á grundvelli samstarfssamnings sambandsins við umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið :

1. Taka þátt í samtali um við ríkið um skyldur sveitarfélaga í uppfærðri aðgerðaráætlun ríkisins í loftslagsmálum.
2. Greina hagsmuni og lagalegar skyldur sveitarfélaga hvað varðar samdrátt í losun og aðlögun að loftslagsbreytingum.
3. Aðstoða sveitarfélög við að setja sér aðgerðamiðaða loftslagsstefnu fyrir eigin rekstur á grunni nýjustu upplýsinga og leiðbeininga.
4. Að styrkja samstarf og samtal innan sveitastjórnarstigsins um málefni loftslagsmála.
5. Að sinna upplýsingagjöf og þekkingaruppbyggingu á loftslagsmálum á sveitastjórnarstiginu.
6. Aðstoða sveitarfélög við að fjármagna verkefni sem tengjast loftslagsmálum.
7. Að vinna að sameiginlegum og samtengdum loftslagsmarkmiðum ríkis og einstakra sveitarfélaga eða landshluta í samfélagslegri losun að norrænni fyrirmynd.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Reglulegir fundir með fulltrúum sveitarfélaga sem starfa að loftslagsmálum.
2. Mánaðarlegt fréttabréf um umhverfis- og loftslagsmál. Reglulega uppfærð vefsíða. Sveitarfélagaskólinn. Samfélagsmiðlar.
3. Upplýsingar um ábyrgð sveitarfélaga varðandi samdrátt í losun út frá lögum og reglum, gildandi stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda aðgengilegar á vefsíðu sambandsins. Upplýsingar um ábyrgð sveitarfélaga varðandi samdrátt í losun út frá lögum og reglum, gildandi stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda aðgengilegar á vefsíðu sambandsins.
4. Endurnýjað samtal við Umhverfisstofnun vegna uppfærslu á Verkfærakistu loftslagsmála.
5. Styrkumsóknir vegna innleiðingar á aðgerðaáætlun um aðlögun að loftslagsmálum (leitt af URN og VÍ). [HG1] [GE2]
6. Verkefnatillögur um sameiginleg og samtengd loftslagsmarkmið ríkis og einstakra sveitarfélaga eða landshluta í samfélagslegri losun að norrænni fyrirmynd.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026:  
Markmið 6.10, 7.0-7.4, 8.24 og 8.25



# Innleiðing hringrásarhagkerfis

## Tilgangur og markmið

Að sambandið geti aðstoðað sveitarfélög við Að efla sveitarstjórnarstigið við að koma á virku hringrásarhagkerfi og styðja sveitarfélög við úrgangsstjórnun sem miðar að lágmarkun úrgangs, aukinni endurnotkun og endurvinnslu og annarri endurnýtingu með góðri og hagkvæmri þjónustu við íbúa og atvinnulíf að leiðarljósi.

## Verkefnislýsing

- Að efla samstarf og samtal innan sveitastjórnarstigsins um innleiðingu hringrásarhagkerfis og skilvirkar úrgangsstjórnunar.
- Að sinna upplýsingagjöf og þekkingaruppbyggingu í tengslum við hringrásarhagkerfið og úrgangsstjórnun á ábyrgð sveitarfélaga.
- Að aðstoða sveitarfélög við að byggja upp og fjármagna innviði og verkefni á þeirra ábyrgð sem tengjast hringrásarhagkerfinu, úrgangsstjórnun og fráveitumálum.
- Að skýra hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga í úrgangsstjórnun og uppbyggingu innviða fyrir hringrásarhagkerfið með tilliti til laga og reglna.
- Að efla hagsmunagæslu í úrgangsmálum, m.a. í gegnum starfandi verkefnisstjórn.
- Að auka yfirsýn um kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna úrgangsstjórnunar og vinna að því að lágmarka þörf á frekari hækkun þjónustugjalda, svo sem með aukinni kostnaðarþátttöku Úrvinnslusjóðs.
- Að greiða fyrir aðgengi að sannreynanlegum upplýsingum í málaflokknum, svo sem um magn og afdrif úrgangs.
- Að styðja sveitarfélög við að hanna og skipuleggja manngert umhverfi sem hvetur til innleiðingar hringrásarhagkerfis og hagkvæmrar úrgangsstjórnunar.





### Afurðir / Helstu áfangar

1. Áframhaldandi fundir undir merkjum átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi. Setja á laggirnar hóp með fulltrúum allra sveitarfélaga sem sinna umhverfismálum og úrgangsstjórnun.
2. Uppfæra Handbók um úrgangsstjórnun sveitarfélaga í samstarfi við Umhverfisstofnun. Uppfæra Spurt og svarað í úrgangsstjórnun sveitarfélaga. Mánaðarlegt fréttabréf um umhverfis- og loftslagsmál. Endurgera efni á vefsíðu. Nýta samfélagsmiðla í meira mæli svo sem til að koma efni í Sveitarfélagaskólanum á framfæri. Ráðgjöf og leiðbeiningar hvað varðar ábyrgð og heimildir sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs.
3. Styrkumsóknir í LIFE áætlunina vegna innleiðingar á hringrásarhagkerfi og þátttaka í ICEWATER verkefni.
4. Minnisblöð um álitafni sem koma upp. Eftirfylgni á greiningum á ábyrgð sveitarfélaga.
5. Mánaðarlegir fundir verkefnisstjórnar. Umsagnir um lagafrumvörp og önnur mál sem við kom úrgangsstjórnun. Reglulegir fundir með fulltrúum URN.
6. Kostnaðarmatsverkefni sambandsins. Samtal við URN og Úrvinnslusjóð um aukna kostnaðarþátttöku hans í kostnaði við meðhöndlun sveitarfélaga á vörum og umbúðum á ábyrgð sjóðsins.
7. Samráðsfundir um eflingu úrgangstölfræði yfir landið allt og aukið samstarf um hana. Upplýsa sveitarfélög um gögn og upplýsingar sem liggja fyrir um úrgangsstjórnun á þeirra svæði.
8. Vinna að því að fjármagna handbók um hönnun og skipulag í kringum hringrásarhagkerfið, skv. Vegvísi um vistvæna mannvirkjagerð. Hvetja til þess að tekið sé tillit til ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs í uppfærslu byggingarreglugerðar.

Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026; Markmið 7.5-7.8.





# Málefni fatlaðs fólks

Unnið verði áfram að verkefnum er tengjast málefnum fatlaðs fólks.

## Tilgangur og markmið

Að skýra ábyrgðaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum og tryggja fullnægjandi fjármögnun málaflokksins.

## Verkefnislýsing

X mun leiða verkefnið sem felst í því að fylgja eftir áherslum í stefnumörkun sambandsins í málaflokknum.





### Afurðir / Helstu áfangar

1. Niðurstaða í samtali ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðar- og ábyrgðarskiptingar í þjónustu við börn með fjölþættan vanda.
2. Niðurstaða í samtali ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðar- og ábyrgðarskiptingar í þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri sem dæmdir hafa verið til að sæta öryggisgæslu eða öðrum öryggisráðstöfunum.
3. Áætlun um að uppfylla þjónustuparfir fatlaðs fólks í samræmi við lög 38/2018 þ.m.t. sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir.
4. Endurskoðun á SIS mati og lögfestingu þess.
5. Endurskoðun á fyrirkomulagi þjónustusvæða.
6. Greining á stöðu ungs fólks á hjúkrunarheimilum og skýring á ábyrgðarskiptingu heilbrigðis- og félagsþjónustu.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við markmið 3.8., 4.1, 4.3 og 4.4 í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026.





# Orkumál

Unnið verður áfram að verkefnum er tengjast orkumálum.

## Tilgangur og markmið

Að stuðla að raforkuöryggi um allt land, jöfnun raforkuverðs hjá fyrirtækjum og íbúum óháð búsetu og auknu jafnræði íbúa og fyrirtækja á köldum svæðum. Að ferli við raforkuuppbyggingu verði skýr og skilvirk og skattlagning á orkuframleiðslu skili sér til sveitarfélaga með sanngjörnum hætti.

## Afurðir/helstu áfangar

- Samþykktar lagabreytingar um skattlagningu orkuvinnslu.
- Tillaga um breytingar á ferli við gerð og samþykkt rammaáætlunar.
- Samþykktar lagabreytingar um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.


## Verkefnislýsing

X mun leiða verkefnið sem fellst í því að fylgja eftir áherslum í stefnumörkun sambandsins í málaflokknum.

## Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við markmið 8.14, 8.15, 8.16, 8.17, 8.18 og 8.19 í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026.





# Húsnæðismál

Unnið verði áfram að verkefnum á grundvelli rammasamnings ríkis og sveitarfélaga um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega stefnu og sýn og stefnu í húsnæðismálum sem og að verkefnum í stefnumörkun sambandsins.

## Tilgangur og markmið

Að stuðla að auknu framboði nýrra íbúða til að mæta fyrirsjáanlegri íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins til skemmri og lengri tíma og stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði.

## Afurðir/helstu áfangar

- Breytingar á lögum og reglugerðum sem stuðla að einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu húsnæðismála.
- Einn ferill húsnæðisuppbyggingar.
- Endurskoðun á ráðstöfun skipulagsgjalds.
- Endurskoðun lagaákvæða um skráningu lögheimilis.

## Verkefnislýsing

X mun leiða verkefnið sem felst í að fylgja eftir aðgerðaáætlun við rammasamninginn og stuðla að því að þau verkefni sem þar eru tiltekin komist til framkvæmda.

## Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við kafla 6 í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026.





# Brúum bilið

## Tilgangur og markmið

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og samfélagslegu samtali um þjónustu við börn á aldrinum 0-18 ára í samstarfi allra hagaðila með velliðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

## Verkefnislýsing

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og samfélagslegu samtali um þjónustu við börn í samstarfi allra hagaðila með velliðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Þetta tengist inn á viljayfirlýsingu stjórnvalda vegna stuðnings við gerð kjarasamninga 2024, þar sem segir að aðilar munu taka höndum saman og vinna með markvissum hætti að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla á samningstímanum. Í þeirri yfirlýsingu er einnig lögð áhersla á að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi með aðgerðum sem miða að því að auka velsæld barnafjölskyldna.



### Afurðir / Helstu áfangar

- Hefja samtalið við stjórnvöld um brúum bilið.
- Fá hagaðila að borðinu.
- Vinna í aðgerðarhópi stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins undir forystu forsætisráðuneytisins um tímasetta áætlun um aðgerðir til að loka megi umönnunarbílinu fyrir árslok 2026.
- Viðræður við ríkið um að gera rekstur leikskóla lögbundið hlutverk sveitarfélaga og semji um tekjustofna til þjónustunnar.
- Áframhaldandi vinna við innleiðingu á farsældarlöggjöf.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026; Nánast allur 5. kafli.

Sambandið aðstoði sveitarfélögin við innleiðingu farsældarlaganna og vinni að því að nægilegt fjármagn frá ríkinu fylgi verkefninu til framtíðar (5.1.)

Sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig skv. aðgerðaáætlunum menntastefnu, byggðaáætlunar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (5.5.)

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og samfélagslegu samtali um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára í samstarfi allra hagaðila með velliðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi (5.6)



Sambandið fari í viðræður við ríkið um að gera rekstur leikskóla lögbundið hlutverk sveitarfélaga og semji um tekjustofna til þjónustunnar (5.7)

Sambandið styðji við farsæla innleiðingu breytinga á stjórnsýslu barnaverndar í sveitarfélögunum og beiti sér fyrir því að kostnaður við breytingarnar verði vaktadur og ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélög. (5.14)

Sambandið vinni að því að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að styrkja þjónustu, virkniúrræði og félagsstarf við aldurshópinn 16-18 ára. Unnið verði markvisst að því að brúa bilið milli grunnskóla og framhaldsskóla og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Lögð verði áhersla á markvisst samstarf og samtal við ungmenni. (5.15)

Sambandið hvetji til aukins samstarfs milli skóla og félags-, tómstunda- og íþróttastarfs um farsæld barna. (5.20)

### Afurðir / Helstu áfangar

- Hefja samtalið við stjórnvöld um brúum bilið.
- Fá hagaðila að borðinu.
- Vinna í aðgerðarhópi stjórnvalda, sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins undir forystu forsætisráðuneytisins um tímasetta áætlun um aðgerðir til að loka megi umönnunarbílinu fyrir árslok 2026.
- Viðræður við ríkið um að gera rekstur leikskóla lögbundið hlutverk sveitarfélaga og semji um tekjustofna til þjónustunnar.
- Áframhaldandi vinna við innleiðingu á farsældarlöggjöf.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026; Nánast allur 5. kafli.

Sambandið aðstoði sveitarfélögin við innleiðingu farsældarlaganna og vinni að því að nægilegt fjármagn frá ríkinu fylgi verkefninu til framtíðar (5.1.)

Sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig skv. aðgerðaáætlunum menntastefnu, byggðaáætlunar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (5.5.)

Sambandið beiti sér fyrir heildstæðri skoðun og samfélagslegu samtali um þjónustu við börn á aldrinum 0-6 ára í samstarfi allra hagaðila með velliðan barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi (5.6)



Sambandið fari í viðræður við ríkið um að gera rekstur leikskóla lögbundið hlutverk sveitarfélaga og semji um tekjustofna til þjónustunnar (5.7)

Sambandið styðji við farsæla innleiðingu breytinga á stjórnsýslu barnaverndar í sveitarfélögunum og beiti sér fyrir því að kostnaður við breytingarnar verði vaktaðar og ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélög. (5.14)

Sambandið vinni að því að ríki og sveitarfélög taki höndum saman um að styrkja þjónustu, virkniúrræði og félagsstarf við aldurshópinn 16-18 ára. Unnið verði markvisst að því að brúa bilið milli grunnskóla og framhaldsskóla og vinna gegn brotthvarfi úr námi. Lögð verði áhersla á markvisst samstarf og samtal við ungmenni. (5.15)

Sambandið hvetji til aukins samstarfs milli skóla og félags-, tómstunda- og íþróttastarfs um farsæld barna. (5.20)



# Kjarasamningar

Gengið verður til kjaraviðræðna við alla viðsemjendur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kjarasamningar við 53 stéttarfélög renna út í lok mars og við 5 stéttarfélög í lok maí.

## Tilgangur og markmið

Markmiðið er að gera 62 kjarasamninga til fjögurra ára við 58 séttarfélög starfsmanna sveitarfélaga, sem hafi þau áhrif að auka fyrirsjáanleika og stöðugleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólgu og lækka vexti.

## Verkefnislýsing

Samninganefnd sveitarfélaga mun leiða verkefnið og vinna í nánú samráði við stjórn Sambandsins, Kjaramálanefnd sambandsins og Kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga ásamt samninganefndnum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Stór sameiginleg mál í kjaraviðræðum á opinberum vinnumarkaði verða unnin í nánú samstarfi samninganefndanna þriggja. Kjarasamningar Sambands íslenskra sveitarfélaga við 53 stéttarfélög innan ASÍ, BSRB, BHM og nokkur stéttarfélög utan bandalaga renna út í lok mars og kjarasamningar við 5 stéttarfélaga innan KÍ renna út í lok maí.



### Afurðir / Helstu áfangar

1. Endurnýjaðir kjarasamningar við 58 stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga.
2. Kostnaðarmat kjarasamninga verði í takt við merki almenna vinnumarkaðarins.
3. Samningur um styttingu vinnutíma í dagvinnu úr 40 stundum á viku í 36 virkar vinnustundir.
4. Samningur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu úr 40 stundum á viku í 36 virkar vinnustundir og upptöku á endurbættu umbunakerfi fyrir vaktavinnu.

### Tengsl við stefnu og markmið sveitarfélaga

Verkefnið hefur beina tengingu við stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022 til 2026;

**Markmið 10.1:** Sambandið styðji sveitarfélögin eins og kostur er til að ná markmiðum í kjar- og mannauðsmálum.

**Markmið 10.2:** Kjarasamningar sveitarfélaga styðji við skilvirka starfsemi rekstrareininga sveitarfélaga og séu ekki ákvarðandi um fyrirkomulag starfsemi þeirra.

**Markmið 10.5:** Sambandið stuðli að samvinnu og samráði opinberra vinnuveitenda við gerð og efni kjarasamninga með það að markmiði að kjarasamningar taki mið af sameiginlegri kjarastefnu opinbers vinnumarkaðar og stefnu um opinber fjármál.

**Markmið 10.8:** Kjaramálanefnd sambandsins verði efl.





